

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA

---

## 1. grein

Íslandsmót unglingsaliða skal haldið árlega. Unglingar sem eru í 5. til 10. bekk grunnskóla hafa þátttökurétt. Íslandsmót unglingsaliða skal haldið á tímabilinu október til apríl.

## 2. grein

Rétt til þátttöku í Íslandsmóti unglingsaliða hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skila inn tilkynningu um þátttöku í mótinu fyrir lið sín eigi síðar en 30. september. Unglingsalið skulu skipuð a.m.k. 3 unglingsum og er heimilt að hafa blönduð lið pilta og stúlkna. Þrír leika hverju sinni. Um liðaskipti milli unglingsaliða, innan félags eða milli félaga, gilda almennar liðaskiptareglur KLÍ. Æskilegt er að þjálfari eða liðsstjóri fylgi unglingsaliðunum.

## 3. grein

Leikið skal í einni deild. Lágmark 4 lið í deildinni. Leikið skal eftir eftirfarandi fyrirkomulagi:

- i) 4–6 lið fimmföld umferð
- ii) 7–8 lið fjórföld umferð
- iii) 9–12 lið þreföld umferð

Öll liðin keppa við hin liðin í hverri umferð, einn leik. Tvö stig fyrir unnin leik og eitt stig fyrir jafntefli. Séu lið jöfn að stigum skal heildarpinnafall ráða. Séu liðin jöfn að pinnum skal leika 9. og 10. ramma. Það lið sem er efst að stigum hlýtur titilinn „Deildarmeistari unglingsaliða“.

## 4. grein

### Úrslitakeppni

Fjögur efstu liðin eftir síðustu umferðina fara í úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið númer 1 keppir við lið númer 4.

Lið númer 2 keppir við lið númer 3.

Þau lið, sem fyrr vinna 2 leiki, leika til úrslita.

Þau lið sem töpuðu leika ekki um þriðja sætið, heldur hljóta bæði liðin 3. sæti.

### Úrslit:

Það lið, sem fyrr vinnur tvo leiki, sigrar og hlýtur nafnbótina „Íslandsmeistari unglingsaliða.“

## 5. grein

### *Frestun viðureignar*

Engar frestanir einstakra leikja eru veittar í Íslandsmóti unglingsaliða.

Unglinganefnd er þó heimilt að fresta umferð vegna veigamikilla ástæðna.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs.
2. Leikmenn liða eru fjarrverandi í keppni á vegum KLÍ.

Unglinganefnd tilkynnir félögum viðkomandi liða, sem og öðrum sem málið kann að varða, um frestun og nýjan leiktíma eins fljótt og auðið er.

## **6. grein**

### *Fjarveruskor*

Ekkert fjarveruskor er í Íslandsmóti unglingsliða, þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf frá að hverfa vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Fjarveruskor er 110 stig fyrir hvern leik.

*Breytt á formannafundi 19. apríl 2011*